



Til:
Efni:
Upplýsingar:

jonsmari@skipulag.is
Uppbygging ferðaþjónustu við skíðaskálann í Hveradölum
Sent: 04-07-2019 10:03:16 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019060014, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2019060014

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 13. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun vegna uppbyggingar ferðaþjónustu við skíðaskálann í Hveradölum.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og telur að tillagan geri að flestu leiti nægilega vel grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar og þeim umhverfisþáttum sem matið á að taka til. Í þeim tilfellum sem framkvæmdaraðili telur nægjanlegar rannsóknir liggja fyrir, s.s. á hverasvæðum innan framkvæmdasvæðisins og áhrif á þau, verður frummatsskýrslan að leiða í ljós.

Á bls. 14 í matsáætluninni er lítillega minnst á fuglalíf í botni Stóradals. Í vinsun umhverfisþátta í kafla 5.6 er hins vegar ekki talin ástæða til að fjalla sérstaklega um fuglalíf í frummatsskýrslu. Eins og Náttúrufræðistofnun hefur áður bent á er ekki óeðlilegt að framkvæmdaraðilar meti sem svo að ekki sé ástæða til að fjalla um fuglalíf eða aðra náttúrufarsþætti vegna eðli eða staðsetningu tiltekinna framkvæmda. Engu að síður telur stofnunin að það beri jafnt eftir sem áður að færa rök fyrir því hvers vegna það er ekki gert og jafnframt að í frummatsskýrslu sé ástæðum þess lýst og færð fyrir því rök með vísun í heimildir, eiginleika svæðis eða annars sem átt getur við. Aðeins með þeim hætti er tryggt að þeir sem sjá ástæðu til að kynna sér væntanlega frummatsskýrslu séu upplýstir um náttúrufar viðkomandi svæðis í heild. Það er þó ljóst að þar sem öruggt er að ákveðnir náttúrufarsþættir eiga ekki við þá þarf hvorki ítarlega umfjöllun eða sérstakar rannsóknir.

Í matsáætluninni er fjallað um að aflétta hverfisvernd vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Náttúrufræðistofnun sér ástæðu til að benda á hvort ekki sé frekar ástæða til að kanna hvort framkvæmdin geti aðlagð sig að verndarmarkmiðum þeirrar hverfisverndar sem er á svæðinu. Að aflétta hverfisverndinni vekur óneitanlega upp þá spurningu hvort ekki verði unnið í samræmi við markmið í kafla 5.7.3 í matsáætluninni um jarðminjar og vernd þeirra þ.m.t. hverasvæða.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð frummatsskýrslu og væntanlegs skipulags er mikilvægt að skoða áhrif framkvæmdanna m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

